

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tölul. og verður 27. tölul. og orðast svo:

Hlunnindi sem veitt eru starfsmönnum hlutafélags eða einkahlutafélags í því formi að þeim eru afhent hlutabréf eða hlutir í félaginu án endurgjalds eða gegn lægra endurgjaldi en almennt gangverð hlutabréfanna eða hlutanna er í samskonar viðskiptum á milli ótengdra aðila. Sama gildir um fríðindi sem á sama hátt eru veitt fyrirverandi starfsmönnum, viðskipta-aðilum eða öðrum er tengjast félaginu. Skattskylda fjárhæð þeirra hlunninda og fríðinda er greinir í þessum tölulíð skal að tekjuári liðnu tilgreina á launaskýrslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði reglugerðarinnar taka til þeirra hlunninda og fríðinda sem tilgreind eru í 1. gr. og afhent eru á árinu 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 25. nóvember 1998.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Eggert J. Hilmarsson.

Nr. 678

25. nóvember 1998

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella er taki gildi 1. desember 1998.

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella nr. 553, 28. desember 1993, 4. gr. verður þannig:

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennismæli:	kr.
Fyrir hvern rúmmetra vatns	74
2. Hver rúmmetri vatns frá kyndistöð	121
3. Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð:	
Fyrir ½ tommu mæli	410
Fyrir ¾ tommu mæli	835
Fyrir 1 tommu mæli kr.	1.235
Fyrir 2 tommu mæli	2.400
Fyrir 2½ tommu mæli	2.910

Iðnaðarráðuneytinu, 25. nóvember 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.